

## 790. fundur

Árið 2023, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þriðjudaginn 23. maí, kl. 8:30 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Auk stjórnar S.S.S. sátu eftirfarandi þingmenn Suðurkjördæmis fundinn, þeir Guðbrandur Einarsson og Jóhann Friðrik Friðriksson.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

### Dagskrá:

1. *Kynning á fýsileika á sameiningu Keilis og Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Áb.;* Gylfi Arnbjörnsson verkefnastjóri Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Gylfi fór yfir forsögu málsins og þá vinnu sem búið er að vinna vegna fýsileika könnunarinnar. Verkefnið ber yfirskriftina, efling framhaldsskólastigsins. Markmiðið þess er að vinna tillögu til ráðherra málaflokksins um hvernig hægt sé að tryggja sem fjölbreyttast námsframboð og bæta rekstur framhaldsskólanna. Vonir standa til þess að niðurstaða verði komin í málið á næstu mánuðum.

Stjórn S.S.S. þakkar Gylfa fyrir góða og áhugaverða kynningu.

2. *Önnur mál.*  
Formaður ræddi hugmyndir um samstarfssamning á milli Eignarhaldsfélags Suðurnesja og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Formanni falið að vinna verkefnið áfram í samstarfi við framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

*Friðjón Einarsson*

*Björn G. Sæbjörnsson*

*Anton K. Guðmundsson*

*Sverrir Auðunsson*

*Berglind Kristinsdóttir*